

# FRÉTTABRÉF LSBÍ

Janúar 2015

Þann 31. desember 2014 voru sjóðfélagar í LSBÍ um 500 og stærð sjóðsins um 19,8 milljarðar.

## JÁKVÆÐ ÁVÖXTUN ÞRÁTT FYRIR ERFIÐARI SKILYRÐI

Stærsti hluti eignasafns LSBÍ er í verðtryggðum ríkisskuldabréfum, sem áttu erfitt uppdráttar á markaði á árinu 2014. Uppgjör sjóðsins miðast hins vegar við kaupkröfu bréfanna og lítur þannig framhjá

tímabundnum sveiflum á markaði. Þanniger ávöxtun sjóðsins árið 2014 mjög góð, þó að hún standist ekki samanburð við síðasta ár, sem var sjóðnum afar hagfelld. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ársins var nafnávöxtun

á kaupkröfu 6,6% og raunávöxtun 5,5%. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til kostnaðar við rekstur sjóðsins. Til samanburðar var hrein raunávöxtun 8,3% allt árið 2013.

## REKSTUR Í FÖSTUM SKORÐUM OG GÓÐ STAÐA SJÓÐSINS

Rekstur LSBÍ gekk vel á árinu 2014. Í árslok var hrein eign sjóðsins samkvæmt óendurskoðuðu bráðabirgðauppgjöri 19,8 milljarðar og hefur hækkað lítillega frá byrjun árs 2014, þrátt fyrir að útstreymi vegnalífeyrisgreiðslna úr sjóðnum

sé nú töluvert meira en andvirði greiddra iðgjalda í sjóðinn. Fjárfestingartekjur nema um 1,2 milljarðum á árinu 2014, en voru 2,2 milljarðar á sama tímabili í fyrra. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður námu um 20 milljónum á árinu, eða um 0,1%

af hreinni eign sjóðsins. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er enn sterk, þrátt fyrir 14% réttindaaukningu til sjóðfélaga, sem samþykkt var á ársfundi sjóðsins 2013.

## GREIÐSLA VIÐBÓTARIÐGJALDA INN Á HÚSNÆÐISLÁN EÐA UPP Í ÚTBORGUN Á ÍBÚÐ

Rétt er að vekja athygli á því að hægt er að greiða viðbótariðgjöld skattfrjálst inn á húsnæðislán fram á mitt ár 2017. Frestur til að nýta iðgjöld frá 1. júlí er runninn út en enn er hægt að sækja um að nýta iðgjöld sem greidd verða eftirleiðis. Sótt er um á vef ríkisskattstjóra, [www.leidretting.is](http://www.leidretting.is). Þeir sem ekki eiga íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á að nýta þau viðbótariðgjöld sem greidd hafa verið frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, upp að ákveðnu marki, sem greiðslu upp í íbúð fyrir 30. júní 2019. Ekki þarf að sækja sérstaklega um þetta úrræði fyrr en húsnæði hefur verið keypt eða byggt, en skilyrði er að greiða í viðbótarlífeyrissparnað til að eiga möguleika á þessari ráðstöfun. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér úrræðið en leggja ekki fyrir í viðbótarlífeyrissparnað nú þegar geta



nálgast samning um viðbótarlífeyrissparnað á [arionbanki.is](http://arionbanki.is). Miðað er við að hver sjóðfélagi geti greitt að hámarki 4% af launum sínum og fái 2% framlag frá launagreiðanda. Hámarksfjárhæðir miðast við þetta hlutfall milli

launþega og launagreiðanda og þannig getur hver einstaklingur safnað að hámarki 500.000 kr á ári, en samskattaðir aðilar samtals 750.000 kr. á ári.

## VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG

### RÁÐGJÖF

Þjónusta við sjóðfélaga og launagreiðendur er:

- Hjá Lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444 7000
- Á lífeyristhjonusta@arionbanki.is
- Í útibúi Arion banka Borgartúni 18

Vakin er athygli á því að útibú Arion banka hefur nú flutt frá Laugavegi 120 í Borgartún 18, 105 Reykjavík. Sjóðfélagar eru boðnir sérstaklega velkomnir í nýju húsakynnin.



Arion banki er rekstraraðili LSBÍ.

### STAÐAN MÍN

Þú getur séð yfirlit yfir stöðu og hreyfingar í Netbanka Arion banka á arionbanki.is. Þú getur sótt um aðgang í næsta útibúi Arion banka gegn framvísun persónuskilríkja.

### HAGSTÆÐ LÍFEYRISJÓÐSLÁN

Lífeyrissjóðslán til allt að 30 ára á hagstæðum kjörum. Sjá lánareiknivél á arionbanki.is/lspi.

### AFPÖNTUN PAPPÍRSYFIRLITA

Í Netbanka Arion banka er hægt að afpanta póstsend pappírasyfirlit. Hafri sjóðfélagi aðgang að netbankanum getur hann einnig afpantað pappírasyfirlit með því að hafa samband í síma 444 7000.

### LÍFEYRISGÁTTIN

Í Netbanka Arion banka hefur þú aðgang að Lífeyrisgáttinni, en þar sérðu öll lífeyrisréttindi sem þú hefur áunnið þér á starfsævinni í samtryggingarsjóðum.